

Nd.

412. Frumvarp til laga

[225. mál]

um breyting á lögum nr. 45 frá 9. júní 1960, um orlof húsmæðra.

Flm.: Jónas Árnason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði héraðssambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra og aldraðs fólks, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi.

Þar sem mæðrastyrksnefndir eða samtök um málefni aldraðra eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þá aðila.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði þannig:

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu og hvern þann annan einstakling, sem lög þessi ná til.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.
3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
4. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótframlögum samkvæmt 2., 3. og 4. lið.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á.

Sama rétt til orlofsfjár og húsmæður eiga allir þeir Íslendingar, sem náð hafa 67 ára aldri.

Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 14—21 dagur.

#### 4. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Við úthlutun orlofsfjár til húsmæðra, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að álitni orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Við úthlutun orlofsfjár til aldraðra, er einnig getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skal eingöngu tekið tillit til efnahags þeirra sjálfra.

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

#### 5. gr.

6. gr. laganna hljóði þannig:

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og annarra þeirra, sem lög þessi ná til, og senda orlofsnefndum.

#### 6. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Komið skal á fót orlofsheimilum, a. m. k. einu í hverjum landsfjórðungi, og skal kostnaður greiddur af ríkinu.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 frá 9. júní 1960 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um orlof húsmæðra og aldraðra.

### Greinargerð.

Gildandi lög um orlof ná yfir allt fólk, „sem starfar í þjónustu annarra,“ svo og húsmæður. Hins vegar kveða engin lög á um orlof fyrir gamalmenni og aldrað fólk, þótt þörfin á lagasetningu sé þar sízt minni. Tilgangur þessa frumvarps er að bæta hér um og veita efnalítlu öldruðu fólki tækifæri til sumardvalar eða hressingar utan heimila sinna og fái það í því skyni sérstakan fjárstyrk.

Í frumvarpinu er miðað við það fólk, sem náð hefur 67 ára aldri. Mjög æskilegt er að fá kvenfélagasamböndin til að skipuleggja þessa starfsemi, enda hafa þau með sóma skipulagt orlof húsmæðra, og því er þetta mál sett inn í lögin um orlof húsmæðra.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, að reist verði sérstök sumardvalarheimili, þannig að dvalargestir geti notið orlofsins sem bezt. Frumvarpið gerir ráð fyrir einu slíku dvalarheimili í hverjum landsfjórðungi fyrst í stað, en fleiri mættu þau gjarna vera.

2. gr. gerir ráð fyrir hækkun framlags ríkisins í 100 kr. á einstakling. Styrkur þessi hefur frá upphafi aðeins numið 10 krónum, þrátt fyrir stórhækkun verðlags, og er þessi hækkun nauðsynleg, ef einhver alvara er bak við þetta ákvæði laganna.

Alkunna er, að lítil aðstaða er fyrir margt aldrað fólk að fá notið tilbreytingar og hressingar að sumri eins og flestir aðrir landsbúar. Er það einkum vegna lélegs efnahags. Frumvarp þetta ætlar ekki að leysa öll vandamál aldraðs fólks, til þess eru þau of mikil og flókin. Í nútímapjórðfélagi er aldraða fólkið að vissu leyti sett utangátta. Því eru byggð híbýli, sem heita dvalarheimili eða elliheimili, og þar býr þetta fólk, sem skilað hefur sínu lífsstarfi, án verulegra tengsla við aðrar kynslóðir

í landinu. Líf þessa fólks er því fábreytilegt. Frumvarp þetta er tilraun til að gera þessu aldraða fólki lífið skemmtilegra og fjölbreyttara.

Orðið „orlof“ er hér notað, þó að í hlut eigi hið aldraða fólk, sem litla eða enga vinnu stundar að staðaldri, enda merkir orðið ekki aðeins leyfi frá störfum, eins og margir nútímamenn munu ætla, heldur er hin forna merking þess í fullu samræmi við notkun þess hér.